

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á [Mínum síðum](#) Varðar. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Hjólatrygging?

Hjólatrygging þessi er sérsniðin trygging fyrir reiðhjól, rafmagnsreiðhjól, rafmagnshlaupahjól, rafmagnsvespur og rafdrifna hjólastóla. Hún samanstendur af þremur valkvæðum tryggingum; hjólakaskó, þjófnaðartryggingu og ábyrgðartryggingu.



Hvað bætir tryggingin?

Hjólakaskó

- ✓ Tjón af völdum skyndilegra og óvænta óhappa í flutningi, notkun eða geymslu á váttryggingartímabilinu.

Þjófnaðartrygging

- ✓ Þjófnað á hjóli.

Ábyrgðartrygging

- ✓ Skaðabótaskylda sem fellur á hinn tryggða við hjóltreiddar. Enda séskaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Hjólakaskó

- ✗ Tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða við flutning.
- ✗ Tjón sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi eða innri bilunum.
- ✗ Tjón sem verður er tryggður gleymir eða týnir reiðhjólinu.
- ✗ Óbeint tjón sem leiða kann af bótaskyldum atburði.
- ✗ Þjófnað á hjóli eða einstaka hlutum þess.

Þjófnaðartrygging

- ✗ Þjófnað á einstaka hlutum hjólsins.

Ábyrgðartrygging

- ✗ Tjón á munum sem tryggður hefur til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
- ✗ Tjón á munum, sem tryggður hefur tekið ófrjálsri hendi.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að hugbúnaði tryggðs hjóls hefur breytt að hámarkshraði þess er meiri en gildandi lög heimila.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Tryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Tryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hjólsins. Hjólin skulu vera tryggilega læst þegar þau eru ekki í notkun eða geymd í læstum geymslum eða öðrum læstum húsakynnum.
- ! Séu hjól geymd á stöðum sem aðrir en tryggingartaki hafa aðgang að, s.s. hjólageymslum, skulu hjólin tryggilega læst.
- ! Tryggður skal ekki skilja eftir aukabúnað á hjólinu á almannafæri, sem unnt er að fjarlægja með einföldum hætti, enda þótt hjólið sé læst.
- ! Tryggðum ber að fara eftir lögum, reglum og lögreglusamþykktum um umferðarmál og hjólréiðar.
- ! Ekki skal gera breytingar á hraðatakmörkunum hjóla þannig það komist umfram þann hraða sem það er hannað fyrir.



Hvar gildir tryggingin?

Mismunandi eftir því hvaða þáttur tryggingarinnar er undir. Almennt gildir tryggingin á Íslandi og á ferðalögum erlendis eftir því sem við á, í allt að 92 daga frá brottfarardegi frá Íslandi. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hverjar eru skyldur hins tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á [Mínum síðum](#) Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkort.



Hvenær hefst vátryggingarverndin og hvenær lýkur henni?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykktu tilboði og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.